

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Reyðarfirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	16.8.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	725312,177 512055,178

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki fannst frávik frá kröfum í starfsleyfi við eftirlit. Ein athugasemd er gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók fyrir stöðina, skráningar og mælingar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar reyndust í lagi.

Einungis bensín er geymt í stöð Skeljungs hf. á Reyðarfirði. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirbyggjandi geymar með föstu þaki í olíubirgðastöðvum þar sem gegnumstreymi er minna en 5000 tonn á ári undanþegnir ákvæðum um gufuendurnýtingarbúnað og/eða fljótandi innra þak. Stöðin á Reyðarfirði uppfyllir þau skilyrði og því er þar engin gufuendurnýtingarbúnaður.

Einn geymir er í stöðinni. Bensingeymir sem var botnþykktarmældur árið 2008.

Bensínlögn á bryggju var þrýstiprófuð árið 2015. Afgreiðslulögnin var þrýstiprófuð 2014 og stóðst prófunina. Afgreiðslulögn liggur að dæluhúsi og gengur tvisvar í gegnum þróarvegg. Tjöruborði er límdur á lögnina til þess að verja hana gegn raka frá jarðvegsþrónni.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni. Geymir skoðaður svo og þró. Þróin er ekki með niðurfalli og því er undantöppun í lokuðu kerfi. Nýlegt áfyllingarplan er í stöðinni og frárennsli af því fer í nýja olíuskilju. Krafa í starfsleyfi er um mælingu á olíuleifum í fráveituvatni stöðvarinnar á þriggja ára fresti. Síðast var mælt árið 2014.

Girðingar og hlið voru í góðu lagi.

ATHUGASEMDIR

Fjalægja þarf gamla neðanjarðargeyma úr mengunarvarnarþrónni. Verið er að skipta út geymum á bensínstöðvum á austurlandi eru gamlir geymdir í olíubirgðastöðinni á Reyðarfirði.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.09.2016

Gottskálk Friðgeirsson